

Fimleikahús við Vesturgötu, Akranesi Stækkun fimleikagólfs

Í framhaldi af fundi rýnihóps 26. júlí 2017 komu Þórdís og Brynjar frá Fima á fund arkitekts. Erindið var að máta búnað inn í þáverandi áætlaða stærð hússins, sem var að utanmáli 47x30 metrar.

Í þeirri vinnu kom í ljós, að til að nýta megi húsið **bæði fyrir æfingar og keppni/mót** þá þurfti að stækka húsið í **48x34 metra**, þ.e. fjóra metra á breidd og einn á lengd. Rúmast það innan byggingarreits sem skilgreindur er á deiliskipulagsupprætti sem nú er í kynningu. Einnig náðist auka meter á breidd fimleikagólfs með því að mjókka steypa áhorfendapalla um einn meter, og er því **fimleikagólfíð sjálft í núverandi tillögu 47x28 metrar**. Stækkar húsið þannig úr 1410m² í **1632m²** eða 15,7%.

Kom þessi stækkun einkum til af eftirfarandi þáttum:

- Viðmiðunar lágmarksstærð UEG á keppnisgólfi er 40x30m. Með lagni má raða þannig upp að hægt er að hanna húsið í öðru hlutfalli og á það við í þessu tilfalli. Við þennan lágmarks gólfflöt bætast gryfjur og trampólín og taka einnig áhöld töluvert gólfpláss sem þarf að vera til viðbótar við lágmarksstærð keppnisgólfs.
- Fyrir stækkun var illgerlegt að koma fyrir „Fast Track“ sem er afar mikilvægur liður í tækniþjálfun. Einnig var erfitt að koma fyrir keppnisáhöldum s.s. dansgólfi, tveim litlum trampólínum með lendingu og fíbergólfi með lendingu. Þessi búnaður er afar mikilvægur svo félagið geti talist samanburðarhæft við önnur fimleikafélög í landinu – einkum þegar kemur að eldri iðkendum sem annars staðna eða flytja sig yfir í önnur félög. Þá gerir búnaðurinn þjálfurum kleift að undirbúa iðkendur vel fyrir æfingar á keppnisáhöldum í öruggu umhverfi sem ver þá fyrir álagi og meiðslum.
- Stækkandi félag þarf einfaldlega stærri aðstöðu. Tala iðkenda slagaði á síðustu önn í 500 – og þar sem áhuginn er vaxandi og mun enn aukast með nýju húsi þarf stærð að taka mið af því.
- Með stærra húsi verður hægt að þjálfa marga hópa í einu á öllum tímum dags í aðstöðu sem hentar öllum aldurshópum á öllum getustigum.

Þessi nýja og stærri tillaga var kynnt rýnihópi 9. ágúst 2017. Í framhaldi af þeim fundi skoðuðu arkitektar áætlaðan kostnað við stærra hús, uppfærslu/breytingar á búningsklefum, breytingar á anddyri og hækkan á „Þekju“. Þar sem hönnun er á frumstigi og verkfræðingar ekki komnir að verkinu, skoðast þessar kostnaðartölur í því ljósi sem frumkostnaðaráætlun.

- | | |
|----------------------------------|---------------|
| • Fimleikahús 1632m ² | 480 milljónir |
| • Búningsklefar | 52 milljónir |
| • Anddyri, lyfta, aðgengi | 30 milljónir |
| • Þekja, óinnréttað | 90 milljónir |

Þá eru þjálfarar Fima að vinna í því að fá tilboð í þann búnað sem vantar á fimleikagólfíð.

Kristján Garðarsson arkitekt faí